

KJARVAL

4 pítubuff
4 pítubrauð
pítusósa

349 KR. HG
Goða súpukjöt
lítill poki

30% afsláttur

699 KR. PK.
Goða pítupakki

50% afsláttur

288 KR. HG
Goða svið frosin
í poka

279 KR. STL.
Goða lifrarpýlsa
frosin 1 stk

269 KR. STL.
Goða blóðmör
frosin 1 stk

99 KR. STL.
Coke Ligt
2 lítrar

149 KR. STL.
Myllu heimilis-
brauð 1/1

249 KR. STL.
HD 100% ávaxtasafi
3 tegundir

97 KR. HG
Tómatar
í lausu

30% afsláttur

319 KR. PK.
Cherios
morgunkorn 518 g

244 KR. PK.
Farmers hnetur
blandaðar 3 teg

99 KR. HG
Epli
Íde rauð

10% afsláttur

49 KR. STL.
Skóla
jógúrt

**Gotti smurostur eða
Gotti í sneiðum**

- ÞÍN TILBOÐ -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

VÍ Vátryggingafélag Íslands hf.
Verð á
sveitarstjórnarskrifstofu
Skaftárhrepps

á Kirkjubæjarklaustri **5. sept.**
nk. frá kl. 13:30 til 16:00

Áslaug Einarsdóttir
Þjónustufulltrúi **VÍS S. 867 9750**

Ljóð vikunnar

Vertu alltaf hress í huga
hvað sem kann að mæta þér.
Lát ei sorg og böll þig buga,
baggi margra þyngri er.

Vertu sanngjarn, vertu mildur,
Vægðu þeim sem mót þér braut.
Bið þinn Guð um hreinna hjarta
hjálp í lífsins vanda og þraut.

Treystu því að þér á herðar,
þyngri byrgði ei varpað er.
En þú hefur afl að bera,
orka blundar, næg í þér.

Þerraðu kinnar þess sem grætur,
þvoðu kaun hins særða manns.
Sendu inn í sérhvert hjarta,
sólargeisla kærleikans.

Höf. ókunnur



Mynd tekin í Víkurkirkju í Mýrdal við lok vísitasku biskupsins yfir Íslandi í Skaftafellsprófastsdæmi F.v. Haraldur M. Kristjánsson prófastur og Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands (Mynd Guðlaug Guðmundsdóttir)

Kjarval Vík
Breyttur opnunartími
Frá 1. september 07

Mánudaga - Föstudaga
09:00-18:00

Laugardaga : 10:00-13:00
Sunnudaga : Lokað

33. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 29. ÁGÚST 2007

GOLFARAR ATHUGIÐ!

**OPIÐ GOLFMÓT VERÐUR HALDIÐ Á VEGUM
GOLFKLÚBBSINS LAKA LAUGARDAGINN NK. LEIKNAR
VERÐA 18 HOLUR Í KARLA OG KVENNAFLOKKI OG VERÐUR
KEPPT EFTIR PUNKTAFYRIRKOMULAGI MEÐ OG ÁN FOR-
GJAFAR. RÆST ÚT KL.10:00. SKRÁNINGARGJALD KR 2000.-**

Hægt að skrá sig í gegnum netið á golf.is og á netfangið aga@alexander.is
eða í móttöku Hótel Laka í síma 487 4694

Einnig:

MINNUM Á KVÖLDVERÐARHLAÐBORD HÓTELS LAKA

ÞAÐ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR AÐ PRÓFA HIÐ
DÁSAMLEGA HLAÐBORD FRÚ MARGRÉTAR.
BORDAPANTANIR Í SÍMA 487 4694.

Guðni með nikkuna fimmtudags, föstudags, og laugardagskvöld.

Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar gefin góð gjöf

Sunnudaginn 20. ágúst tók sóknarprestur, Ingólfur Hartvigsson á móti góðri gjöf fyrir hönd Prestsbakkasóknar. Margrét Helgadóttir frá Seglbúðum gaf Prestsbakkasókn Guðbrandsbiblíu til þess að hafa í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar. Gaf hún þessa góðu gjöf til minningar um móður sína Gyðriði Pálsdóttur frá Seglbúðum og eiginmann sinn Erlend Einarsson. Helga Erlendsdóttir færði sóknarpresti gjöfina fyrir hönd móður sinnar.

Sóknarprestur



FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS
426. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps,
haldinn fimmtudaginn 23. ágúst 2007 kl.
16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í
Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn
sveitarstjórnar. Sveitarstjóri ritaði fundar-
gerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur
Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur til að fundargerðir fjallskila-
nefndar eystri frá 20. ágúst 2007 og fjall-
skilanefndar vestari frá 21. ágúst 2007 verði
teknar á dagskrá undir liðum I-2 og I-3.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá
síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 142. fundar fræðslunefndar frá
21. ágúst 2007.

Í lið I-1 í fundargerðinni er lagt til að aukið
verði um hálf stöðugildi við leikskólann til
að unnt verði að verða við fyrirliggjandi
umsóknum. Fundargerðin samþykkt.

2. Fundargerð fjallskilanefndar eystri frá 20.
ágúst 2007.

Vegna umfjöllunar nefndarinnar um girð-
ingarmál upplýsir sveitarstjóri að girðingar
umhverfis Vík voru endurnýjaðar í vor og
búið er að óska eftir viðræðum við
Vegagerðina um girðingar austan Víkur.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð fjallskilanefndar vestari frá
21. ágúst 2007 Lögð fram til kynningar

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags.
4. júlí 2007. Með bréfinu er upplýst að starfs-
maður Heilbrigðiseftirlitsins hafi kannað
umhverfishreinsun í Lambaskörðum vegna
leikmyndar Bjólfskviðu. Búið er að hreinsa
lausadrasl, fokplötur o.fl. og svæðið er sæmi-
lega snyrtilegt. Eftir standa smáhýsi úr leik-
myndinni sem landeigandi hyggst ekki fjar-
lægja. Ekki er von á frekari afskiptum
Heilbrigðiseftirlitsins af svæðinu.

Heilbrigðiseftirlitið gerir athugasemdir við
magn brotamála, bíla- og vélafloka í
iðnaðarhverfinu við Smiðjuveg. Heilbrigðis-

eftirlitið mun beina því til fyrirtækja á
svæðinu að fjarlægja draslið og óskar eftir að
sveitarfélagið stuðli að tiltekt á svæðinu.
Sveitarstjóra er falið að hafa samstarf við
Heilbrigðiseftirlitið og fyrirtæki við
Smiðjuveg um hreinsun svæðisins.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Hætta vegna ofanflóða - bréf Veðurstofu
Íslands dags. 19. júlí 2007. Með bréfinu fylg-
di greinargerð um hættu vegna ofanflóða á
Íslandi. Þar kemur fram að hluti byggðar í
Vík þarfnist frekari skoðunar og mælir
Veðurstofan með að unnið verði formlegt
hættumat fyrir Vík. Vinna við slíkt hættumat
er að fullu greidd úr ofanflóðasjóði.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir að
umhverfisráðherra skipi hættumatsnefnd
fyrir sveitarfélagið.

2. Bréf Vegagerðarinnar dags. 25. júní 2007.
Vegagerðin hefur úthlutað Mýrdalshreppi kr.
500.000,- til endurbóta á ýmsum vegum í
Mýrdalshreppi

Samþykkt að nota styrkinn til að ljúka endur-
bótum á veginum upp á Reynisfjall og til
lagfæringa á vegi uppi á Reynisfjalli að höfðu
samráði við landeigendur.

3. Orkumál. Fundargerð 1. fundar orkuhóps
lögð fram til kynningar.

IV. Efni lagt fram til kynningar:

1. Bréf Náttúruverndarsamtaka Suðurlands
dags. 26. júlí 2007.

2. Bréf Ásahrepps dags. 18. júlí 2007.

3. Fundargerð aðalfundar Félagsþjónustu
Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu bs.
frá 9. júlí 2007.

4. Fundargerð 3. fundar stjórnar Hollvina-
sjóðs Hjallatúns frá 27. júní 2007.

5. Fréttabréf Almennavarnadeildar ríkislög-
reglustjóra júní 2007.

6. Bréf Foreningens Norden, Trøndelag dist-
rikt

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:35

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Björgvin
Jóhannesson varaoddviti, Elín Einarisdóttir,
Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

KÖTLUHLAUP 2007

LAUGARDAGINN 8. SEPTEMBER - VÍK Í MÝRDAL

Laugardaginn 8. september kl. 12:00 verður hið svokallaða "Kötluhlaup" í Vík í Mýrdal. Þetta er í þriðja sinn sem hlaupið er haldið, fyrstu tvö árin var Vegagerdin í Vík framkvæmdaraðili hlaupsins en nú hefur Mýrdalshreppur tekið við framkvæmdinni og mun gera það næstu ár. Vegalengdirnar eru 10 km, 21 km og 42 km.



Þátttakendur geta valið um hvort þeir vilja hlaupa eða hjóla leiðina. Hópar eða fyrirtæki geta líka tekið þátt sem boðhlaups- eða boðhjólalið og skipt leiðinni á milli sín. Bílar munu fylgja þátttakendum.

Staður og tími:

Kötluhlaupið hefst kl. 12:00 við íþróttamiðstöðina í Vík. Hjólreiðamenn verða ræstir kl. 12:30.

Vegalengd og hlaupaleið:

Vegalengdirnar eru 10 km, 21 km og 42 km (sjá kort á vik.is). Kötluhlaupið byrjar og endar við íþróttamiðstöðina á frjálsíþróttavellinum. Allar vegalengdirnar eru vel merktar og án tímatöku, aðalatriðið er að komast í mark og hafa gaman af þessu.

Aðstaða:

Þátttakendur hafa búningsaðstöðu í íþróttamiðstöðinni í Vík.

Skráning:

Þáttökustaðfesting sendist á netfangið: tomstundafulltrui@vik.is.

Aðrar upplýsingar:

Það er hjálmaskylda hjá þeim sem ætla að hjóla og eru allir keppendur á eigin ábyrgð í hlaupinu. Nánari upplýsingar veitir Victor Berg Guðmundsson, æsklýðs- og tómsundafulltrúi í síma: 4871210 / 8213181

Sjá dagskrá, kort af hlaupaleið ofl. á www.vik.is

Allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal og frítt í sund og eftir hlaupið.

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN Í VÍK




Vetraropnun

Sundlaug / Swimming pool

Opið / open:

Mán.-Fim. 07:00 - 08:30 / 15:00 - 19:00
Fös. 07:00 - 08:30 / 13:00 - 19:00
Lau.-Sun. 10:00 - 17:00 / 14:00*



Íþróttamiðstöð / Sportcenter

Opið / open:

Mán.	15:00 - 22:30	Þri.	07:00 - 21:30
Mið.	15:00 - 22:30	Fim.	07:00 - 21:30
Fös.	12:00 - 22:30	Lau.-Sun.	10:00 - 17:00 / 14:00*

*Helgaropnun á tímabilinu **1. okt.-7. apríl** er 10:00-14:00.

Hreyfum okkur daglega, það léttir lundina (5. geðorðið)

Allar upplýsingar varðandi opnunartíma, verðskrá, pantanir, tímatöflur ofl. er hægt að finna á [http://vik.is/](http://vik.is)

Victor Berg Guðmundsson - Æskulýðs- og tómsundafulltrúi.

Málþrautir

Sagt er að sá sé al íslenskur sem getur sagt: hrútshornashagldir á hárreipi: Líka mætti telja segðu skýrt og skorinort spaks manns spjarir, svo ekki komi saman á þér varir:

Andþrautir eru aftur á móti til dæmis þessar:
Refur stökk ofan fyrir bakka,
hafði í hnakka
hvítt, nýtt sítt, strítt
afar loðið leðurreiði í hnakka.

Sat ég á súð og elti húð
oft í votur veðri.
Rakaði rú af rauðri kú,
rauðu, loðnu leðri.

Þessa hvoru um sig á að þylja sjö sinnum í einu andartaki:

Faðir minn átti

fimmtú geitur,
skyldi ég þær allar
á eitt band binda
Batt ég eina, batt ég tvær,
batt ég eina, batt ég þrjár,
batt ég eina, batt ég fjórar.....
þannig er haldið áfram þangað til komnar eru
fimmtú.

Sá skal eiga bauga, bauga hringinn þennan
rauða, rauða
sem getur sagt tólf sinnum bauga, bauga
hringinn þennan rauða, rauða
Einu sinni bauga, bauga hringinn þennan rauða,
rauða.....

Þangað til komnar eru tólf

Þakkir til Austur- og Vestur - Skaftfellinga

Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, og eiginkona hans frú Kristín Guðjónsdóttir, vísiteruðu Skaftafellsprófastsdæmi dagana 18. – 25. ágúst sl. Með þeim í för voru prófastshjónin í Vík, Haraldur M. Kristjánsson og Guðlaug Guðmundsdóttir.

Biskup hóf för sína í Hoffellskirkju í Nesjum og endaði í Víkurkirkju í Mýrdal. Hvarvetna var okkur fagnað með einstakri hlýju og gestrisni, sem ég vil fyrir hönd okkar allra, þakka af heilum hug.

Sú virðing og samheldni sem söfnuðirnir í Skaftafellsprófastsdæmi sýndu er sannarlega til eftirbreytni.

Haraldur M. Kristjánsson prófastur



Reyniskirkja



Skeiðflatarkirkja



Sólheimakapella



Víkurkirkja

LANDGRÆDSLUFÉLAG



SKAFTÁRHREPPS
Stofn 19. janúar 1994

Landgræðslu- og skemmtiferð

Árleg landgræðslu- og skemmtiferð Landgræðslufélags Skaftárhrepps verður farin í Búlandssel laugardaginn 1. sept. nk.

Reiknað er með að hittast við Grafarrétt í Skaftártungu kl:11 árdegis. Þar sem fólk getur sameinast um bíla. Þaðan verður farin skoðunarferð í Búlandssel, rifjuð upp saga búsetunnar þar og nokkrum frækornum sáð í moldarrof.

Boðið verður upp á grillaðar pylsur og hressingu.

Hvetjum sem flesta til að mæta

Stjórn Landgræðslufélags Skaftárhrepps

Vísitasía biskups Íslands um Kirkjubæjarklaustursprestakall

Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson vísiteraði Kirkjubæjarklaustursprestakall dagana 21. - 23. ágúst og voru helgistundir í öllum kirkjum prestakallsins ásamt bænhúsinu á Núpstað, Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar og dvalar- og hjúkrunarheimilinu Klausturhólum. Einnig heimsótti biskup Kirkjubæjarskóla og Kirkjubæjarstofu.

Með biskupi Íslands voru eiginkona hans frú Kristín Guðjónsdóttir, séra Haraldur M. Kristjánsson, prófastur Skaftafellsprófastsdæmis, og eiginkona hans, frú Guðlaug Guðmundsdóttir.

Sóknarnefndin á hverjum stað setti saman kirkjulýsingu og munaskrá sem biskup fór yfir. Herra Karl fundaði einnig með sóknarnefndum og starfsfólki sókna. Biskup notaði tækifærið og þakkaði fyrir gott starf og hvatti fólk að halda áfram sínu góða starfi.

Dagskrá vísitasíunnar var þétt skipuð enda margir staðir að heimsækja og margt að skoða og ræða á hverjum stað. Í öllum sóknum var vel tekið á móti biskupi.

Sóknarprestur þakkar öllum sóknarnefndum og þeim sem komu að vísitasíu biskups í Kirkjubæjarklaustursprestakalli kærlega fyrir sitt framlag.

Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur.

